

Föstudaginn 22. febrúar 1991.

Nr. 382/1990. **Ákærvaldið**

(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)

gegn

Sverri Þór Einarssyni og

Þuríði Björgu Birgisdóttur

(Páll Arnór Pálsson hrl.).

Fíkniefni. Eignaupptaka.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Bjarni K. Bjarnason, Guðmundur Jónsson og Hrafn Bragason.

Ríkissaksóknari áfrýjaði máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 4. október 1990 „til sakfellingar samkvæmt ákæru og refsíákvörðunar, að því er ákærðu Þuríði Björgu varðar, en þyngingar á refsingu ákærða Sverris Þórs“. Þá er þess krafist, að ákvæði hins áfrýjanda dóms um upptöku erlends gjaldeyris verði staðfest.

Ákærðu krefjast aðallega sýknu af öllum kröfum ákærvaldsins, en til vara, að þau hljóti vægustu refsingu, er lög leyfa, og gæsluvarðhald ákærða Sverris komi að fullu til frádráttar dæmdri refsingu.

Fallast ber á ákvæði héraðsdóms um sakfellingu ákærða, Sverris Þórs, og færslu brots hans til refsíákvæða. Refsing hans þykir með vísan til 60., 77. og 78. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 hæfilega ákveðin 4 mánaða fangelsi. Eins og hér stendur á, þykir rétt að fresta fullnustu 2 mánaða af refsivistinni og hún falli niður að 2 árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955. Frá refsingunni skal draga 10 daga gæsluvarðhald, er ákærði sætti vegna rannsóknar málsins.

Staðfest er sú niðurstaða héraðsdóms, að meðákærða, Þuríður Björg Birgisdóttir, eigi að vera sýkn af kröfum ákærvaldsins í máli þessu.

Eigi þykir rétt, eins og máli þessu er háttað, að beita eignaupptöku samkvæmt 2. tölulið 1. mgr. 69. gr. hegningarlaga eða 6. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974 um ávana- og fíkniefni á þeim erlenda gjaldeyri, sem um er fjallað í ákæru og héraðsdómi.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað á að vera óraskað.

Dæma ber ákærða, Sverri Þór, til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, en saksóknarlaun í ríkissjóð, 40.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærðu, 40.000 krónur, skal hann þó greiða að 4/5 hlutum, en 1/5 hluti greiðist úr ríkissjóði.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Sverrir Þór Einarsson, sæti fangelsi í 4 mánuði, en fresta skal fullnustu 2 mánaða af refsivistinni, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Frá refsingunni skal draga 10 daga gæsluvarðhald, er ákærði sætti í þágu rannsóknaðs málsins.

Ákærða, Þuríður Björg Birgisdóttir, á að vera sýkn af kröfum ákæruvalds í máli þessu.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað á að vera óraskað.

Ákærði, Sverrir Þór, greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, en saksóknarlaun í ríkissjóð, 40.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærðu, Páls Arnórs Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 40.000 krónur, greiði hann að 4/5 hlutum, en 1/5 hluti greiðist úr ríkissjóði.

Dómur sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 13. júlí 1990.

Ár 1990, föstudaginn 13. júlí, er á dómþingi sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum, sem háð er í Borgartúni 7 af Hirti O. Aðalsteinssyni setu dómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 801-802/1990: Ákæruvaldið gegn Sverri Þór Einarssyni og Þuríði Björgu Birgisdóttur, sem tekið var til dóms þann 6. júlí sl.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 15. október 1987, á hendur ákærðu, Sverri Þór Einarssyni, Kárastríg 67 (sic) Reykjavík, fæddum þar í borg 2. maí 1962, og Þuríði Björgu Birgisdóttur, Laugavegi 67, Reykjavík, fæddri þar í borg 18. janúar 1962, „fyrir eftirgreind brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni:

I.

Gegn ákærða, Sverri Þór, fyrir að hafa í félagi við meðákærðu, Þuríði Björgu, í apríl/maí 1986 ákveðið að kaupa hass erlendis og selja það hér

á landi í ágóðaskyni og verja til efniskaupanna kr. 300.000, sem ákærðu áttu sameiginlega og ákærði, Sverrir Þór, fékk í hendur og skipti að mestu leyti í erlendan gjaldeyri. Um mánaðamót maí/júní s.á. í Amsterdam ásamt Guðrúnu Helgu Svansdóttur lagt á ráðin um útvegum á hassi og flutning þess hingað til lands og samkvæmt þessum ráðagerðum móttækið tæp 3 kg (2.989,5 g) af hassi á Hótel Loftleiðum við Reykjavíkurlugvöll aðfaranótt 21. júní 1986 af Wilhelm Ludwig Alberti, sem fenginn hafði verið til að flytja efnið, en lögreglan handtók ákærða strax eftir móttöku efnisins, og hafði hann þá til reiðu á heimili sínu framangreindan gjaldeyri, 5.061 Bandaríkjadal, 7.850 danskar krónur, 250 sænskar krónur og 60 ensk pund, sem hann hugðist afhenda nefndum Alberti sem hluta kaupverðs efnisins, en eftirstöðvarnar hugðist ákærði greiða eftir sölu efnisins hér á landi.

II.

Gegn ákærðu, Þuríði Björgu, fyrir að hafa í félagi við meðákærða, Sverri Þór, fyrir framangreinda utanför hans lagt fram kr. 300.000, sem ákærðu áttu sameiginlega, til kaupa á hassi erlendis með það fyrir augum að selja efnið hér á landi með hagnaði, og í þessu sambandi voru síðan send tæp 3 kg efnisins til landsins 20. júní 1986, svo sem greinir í I. lið.

III.

Framangreind brot ákærðu teljast varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65, 1974, sbr. lög nr. 60, 1980, sbr. 9. gr. laga nr. 74, 1982, sbr. lög nr. 13, 1985, og 2. gr., sbr. 10. gr., reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 16, 1986.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmd til refsingar, til greiðslu alls sakarkostnaðar og til að sæta upptöku á framangreindum erlendum gjaldeyri, sem lagt var hald á, samkvæmt 6. mgr. 5. gr. laga nr. 65, 1974, 2. mgr. 10. gr. reglugerðar nr. 16, 1986, og 2. tl. 1. mgr. 69. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940“.

Málavextir eru þessi:

Laugardaginn 20. júní 1986 kl. 23.50 framkvæmdi tollgæslan á Keflavíkurlugvelli ásamt fíkniefnalögreglunni í Reykjavík fíkniefnaleit hjá farþega að nafni Wilhelm Ludwig Alberti, sem kom frá Amsterdam. Fundust í fórum hans 2.989,5 grömm af hassi. Í upplýsingaskýrslu Arnars Jenssonar lögreglufulltrúa er lýst aðdraganda og gangi rannsóknarinnar, og er skýrslan svohljóðandi:

„Eins og fram kemur í upplýsingaskýrslum, hafði rannsókn starfsmanna ÁFD leitt í ljós, að Sverrir Einarsson hugðist flytja inn fíkniefni frá Hollandi. Þær upplýsingar, sem lágu fyrir, höfðu verið staðfestar af starfsmönnum ÁFD, eftir því sem þær bárust.

Er Wilhelm Ludwig Alberti kom til Keflavíkurflugvallar, var ljóst, að hann var sá maður, sem flytja mundi efnið til Sverris. Því var leitað á honum við komu til landsins, sbr. skýrslu tollgæslu hér meðfylgjandi, og fundust 2.989,5 grömm af hassi í hans fórum, sbr. efnaskrá. Wilhelm ræddi þá við lögreglumenn strax við tollleit um, að hann hefði átt að flytja inn efnið fyrir Sverri Einarsson og hann hefði átt að hafa samband við Sverri, er hann væri kominn til landsins, og afhenda efnið.

Reynir Kjartansson rannsóknarlögreglumaður gegndi störfum lögreglu-fulltrúa í ávana- og fíkniefnadeild á þessum tíma vegna sumarleyfis undirritaðs. Hann hafði samráð við Arngrím Ísberg, fulltrúa lögreglustjóra, um, hvernig bæri að haga rannsókn málsins. Ákveðið var að ræða við Wilhelm um að halda málinu áfram, og féllst Wilhelm á að halda því áfram, eins og það átti að gerast, þ.e., að hann færi til Reykjavíkur, hefði samband við Sverri og afhenti honum efnið. Wilhelm óskaði eindregið eftir, að ekki yrði sagt strax frá því, að hann hefði verið handtekinn á Keflavíkurflugvelli, og hann afhenti honum fíkniefnin undir umsjón lögreglunnar, og setti það reyndar sem skilyrði. Á það var fallist, þar sem Wilhelm óttaðist mjög hefndaraðgerðir þeirra, sem stóðu að málinu.

Lögreglumennirnir Jón Bjartmarz, Eiríkur Beck og Ólafur Guðmundsson fóru með Wilhelm frá Keflavíkurflugvelli að Hótel Loftleiðum, þar sem hann skráði sig inn á herbergi og hringdi þaðan í Sverri. Jón Bjartmarz og Eiríkur Beck fóru með honum á hótélherbergið og hlustuðu á símtal hans við Sverri. Þeir gættu efnisins allan tímann. Þeir létu lögreglumennina Bjarna Guðmundsson og Jóhannes Viggósson vita, að Sverrir ætlaði að hitta Wilhelm strax, en lögreglumennirnir voru við heimili Sverris og fylgdust með, er hann ók þaðan að hótelinu. Sverrir og Wilhelm voru síðan færðir á lögreglustöðina, eftir að Wilhelm hafði afhent Sverri efnið að viðstöddum lögreglumönnum.

Þess var vandlega gætt, að atburðarásin yrði sú sama og fyrirbyggjandi upplýsingar og lýsing Wilhelms sagði til um, sem var samkvæm í öllum atriðum því, sem rannsóknin hafði áður leitt í ljós. Þess var og vandlega gætt, að engin hætta væri á því, að unnt yrði að koma fíkniefnunum undan eða eyðileggja þau. Lögreglumenn gættu efnanna og vöktuðu síðan vandlega afhendingu þeirra, eins og fram kemur í handtökuskýrslu, meðfylgjandi.“

Rannsóknargögn bera síðan með sér, að því er haldið leyndu, að umræddur Alberti var upphaflega handtekinn á Keflavíkurflugvelli.

Í lögregluskýrslu Bjarna Guðmundssonar, dagsettri 20. júní 1986, segir, að fylgst hafi verið með heimili ákærða og bróður hans að Hjarðarhaga 23. Kl. 1.40 var ákærða veitt eftirför að Hótel Loftleiðum. Fór ákærði inn og gaf sig á tal við ferðamenn. Segir í skýrslunni, að einhver þeirra

hafi hlegið við og hrist höfuðið. Gekk ákærði síðan um anddyrið, eins og hann ætlað út aftur, sneri við, gekk inn aftur og hitti annan útlending. Tók ákærði brúna leðurtösku og gekk af stað áleiðis út, þar sem hann var handtekinn. Kom í ljós, að í töskunni voru 3 kg af hassi. Var útlendingurinn einnig handtekinn og þeir færðir til yfirheyrslu.

Við húsleit, sem framkvæmd var samkvæmt úrskurði á heimili ákærða, fannst m.a. erlendur gjaldeyrir, svo sem hér segir: 5.061 bandarískur dollar, 7.850 danskar krónur, 250 sænskar krónur og 60 ensk pund.

Með úrskurðum, uppkveðnum þann 21. júní 1986, voru ákærði og Wilhelm Ludwig Alberti úrskurðaðir til að sæta gæsluvarðhaldi allt að 30 daga frá kl. 14.50 laugardaginn 21. júní 1986 að telja. Ákærði, Sverrir, var látinn laus úr gæsluvarðhaldi mánudaginn 30. júní 1986 kl. 18.00.

Wilhelm Ludwig Alberti skýrði svo frá fyrir dómi, er gæsluvarðhaldskrafan var kynnt honum, að hann hefði tekið að sér að flytja 3 kíló af hassi til landsins frá Amsterdam, og kvaðst hann hafa átt að afhenda ákærða Sverri hassið hér á landi. Kvaðst Alberti hafa átt að fá peninga fyrir að flytja efnið hingað til lands, og kvað hann ákærða Sverri hafa átt að greiða honum. Hann kvaðst ekki vilja nefna upphæð í máli þessu. Þá kvaðst Alberti ekki þekkja Sverri og aðeins hafa séð hann síðastliðna nótt, er hann afhenti ákærða töskuna. Alberti vildi ekki nafngreina viðsemjendur sína í Amsterdam.

Ákærði, Sverrir Þór, gaf skýrslu hjá rannsóknardeild lögreglunnar í Reykjavík þann 21. júní 1986, sem hann staðfesti, er honum var birt krafa um gæsluvarðhaldsúrskurð. Kvaðst ákærði hafa farið til Amsterdam í byrjun júní 1986 í þeim tilgangi að finna sölumann, sem hefði áhuga á að senda hass til Íslands og ákærði gæti séð um að koma í verð. Kvaðst ákærði hafa hitt mann, er hann kallaði Mike, og að sögn ákærða tók sá vel í að senda hass til landsins. Kvaðst ákærði hafa gefið honum símanúmer sitt, og beið hann eftir símhringingu um, að smyglari væri kominn til landsins. Ákærði kvað, að ekki hefði verið fastmælum bundið, hve mikið magn átti að senda, en ákærða skildist, að hámark, sem sent væri í einni ferð, væri 2 kg. Ákærði var einnig yfirheyrður hjá rannsóknardeildinni þann 24. júní 1986. Kvað ákærði það, að Guðrún Helga Svansdóttir hefði fært það í tal við sig, að hún gæti sent töluvert magn af hassi til landsins. Kvaðst ákærði hafa fengið 100.000 krónur úr sameiginlegum sjóði ákærða og ákærðu, Þuríðar, og kvað ákærði henni hafa verið kunnugt um, til hvers nota átti peningana. Ákærði kvað Guðrúnu Helgu skömmu síðar hafa hringt og talað um, að hún ætlaði að senda 1,7 kg af hassi til landsins. Ef allt gengi að óskum, myndi hún senda meira seinna.

Í lok þessarar yfirheyrslu var ákærða skýrt frá því, að í töskunni hefðu verið 3 kg af hassi.

Ákærða, Þuríður Björg, var yfirheyrð hjá rannsóknardeildinni þann 21. júní 1986. Ákærða kvað Guðrúnu Helgu Svansdóttur og ákærða Sverri hafa talað um að flytja til landsins fíkniefni og selja þau með hagnaði. Kvaðst ákærða hafa gefið ákærða, Sverri, samþykki sitt til að nota sameiginlegt fé þeirra til fíkniefnakaupanna. Ákærða kvað nokkuð á reiki, hversu mikið magn átti að senda, allt frá 1 kg upp í 3 kg.

Rannsóknarstofu í lyfjafræði var sent sýni af umræddu efni. Var staðfest, að um kannabis væri að ræða og að magn tetrahýdrókannabinóls væri 72 mg/g.

Samkvæmt gengisskráningu í júní 1986 var verðmæti gjaldeyris þess, er lagt var hald á í íbúð ákærða, 254.466,59 íslenskar krónur.

Rétt þykir á þessu stigi að gera grein fyrir rekstri málsins fram að því, að núverandi dómari var skipaður setudómari í málinu þann 15. maí sl. Ríkissaksóknara bárust rannsóknargögn þann 7. september 1987, og var ákæra síðan gefin út þann 15. október 1987. Ákæran var birt ákærða, Sverri Þór, þann 15. febrúar sl., og ákærðu, Þuríði Björgu, þann 19. febrúar sl. Í þinghaldi þann 13. mars sl. kom fram krafa frá skipuðum verjanda ákærðu, Páli Arnóri Pálssyni hrl., um, að þáverandi dómari viki sæti í málinu. Með úrskurði, dagsettum 16. mars sl., hafnaði Ásgeir Friðjónsson, sakadómari í ávana- og fíkniefnamálum, þessari kröfu verjandans. Úrskurði þessum var skotið til Hæstaréttar Íslands, og með dómi, uppkveðnum þann 2. apríl sl., komst dómurinn að þeirri niðurstöðu, að Ásgeiri Friðjónssyni bæri að vika sæti í máli þessu.

Núverandi dómari var síðan skipaður setudómari með bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, dagsettu þann 15. maí sl., og fékk dómurinn málið í hendur þann 17. maí sl. og hafði engin afskipti haft að því fram að þeim tíma.

Með dómi sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum, uppkveðnum þann 15. júlí 1986, var Wilhelm Ludwig Alberti dæmdur í 6 mánaða fangelsi fyrir innflutning á áðurgreindum tæpum 3 kg af hassi, sem jafnframt var gert upptækt til eyðingar. Í dóminum er ekki minnst á upphaflega handtöku mannsins á Keflavíkurflugvelli, heldur byggt á því, að hann hafi þegar afhent ákærða, Sverri, fíkniefnin, en þeir voru handteknir á Hótel Loftleiðum.

Mál þetta var þingfest þann 5. júní sl., og komu ákærðu þá fyrir dóm. Af hálfu ákæruvaldsins var því lýst yfir, að ekki yrði mætt í málinu.

Ákærði, Sverrir Þór, skýrði svo frá, að Guðrún Helga Svansdóttir hefði snúið sér til sín og sagst ætla að flytja hass til Íslands, og hefði hún beðið ákærða að taka við manni, sem átti að koma hassinu til landsins. Ákærði kvaðst hafa átt að koma manninum í gistingu og kynna hann fyrir fíkniefnasölum. Ákærði taldi, að hann hefði átt að fá a.m.k. 100.000 kr. fyrir

þetta. Ákærði kvaðst ekki hafa vitað, hversu mikið hass átti að flytja til landsins, en minnti, að Guðrún Helga hefði talað um 700 grömm. Ákærði kvað ekki hafa verið rætt um, hvernig maðurinn hefði samband við sig, en Guðrún Helga hafði símanúmer ákærða. Að sögn ákærða hringdi maður nokkur í hann, sagðist vera með bækur til ákærða og bað hann að sækja þær að Hótel Loftleiðum. Kvaðst ákærði hafa farið, og kvaðst hann hafa verið handtekinn þar, eftir að maðurinn hafði kastað tösku í hann. Hafi maðurinn sagt: „Sé þig á morgun“, og síðan hafi hann farið aftur inn í lyftuna. Kvaðst ákærði hafa verið dreginn út fyrir, og skömmu síðar kvaðst hann hafa séð lögreglumennina koma út með mann spriklandi á milli sín, og virtist ákærða vera um leikaraskap að ræða. Ákærði kvaðst ekki hafa vitað, hvað var í töskunni, enda taldi hann, að maðurinn hefði limt hassið inn á sig, eins og Guðrún Helga hafði sagt, að hann myndi gera. Ákærði gaf þá skýringu á gjaldeyri, sem fannst heima hjá honum, að hann hefði ætlað að aðstoða fíkniefnasalana við að greiða manningum gjaldeyri, ef þeir þyrftu á því að halda, þ.e.a.s. aðstoða þá við að skipta íslenskum krónum í gjaldeyri. Kvað ákærði, að um 300.000 krónur hefði verið að ræða, eign ákærða og meðákærðu, Þuríðar, en þetta var fé, sem átti að renna til greiðslu af íbúð, en ákærða kvað sig hafa vantað 100.000 kr. til að eiga fyrir greiðslu.

Ákærði kvaðst síðar hafa komist að því, að maðurinn var handtekinn á Keflavíkurflugvelli, og þar hefði hassið fundist á honum. Kvað ákærði, að samið hefði verið við manninn um að leggja gildru fyrir ákærða og þannig koma meiri sök á ákærða en hann raunverulega átti. Ákærði kvaðst hafa verið látinn standa í þeirri trú, meðan hann sætti gæsluvarðhaldi, að maðurinn hefði fyrst verið handtekinn á Hótel Loftleiðum.

Ákærða, Þuríður Björg, skýrði svo frá fyrir dóminum, að hún hefði enga hugmynd haft um fyrirhugaðan innflutning á hassi til landsins. Kvað ákærða, að hún og meðákærði hefðu um þessar mundir verið skilin lögskilnaði, en þau væru í hjúskap nú. Ákærða kvaðst hafa komið í íbúðina að Hjarðarhaga um kvöldið og kvaðst þá hafa séð gjaldeyri, sem meðákærði var með í höndunum. Kvaðst ákærða einskis hafa spurt og ekki haft hugmynd um, til hvers nota átti gjaldeyrinn. Ákærða neitaði því að hafa lagt fram fé til hasskaupa, og kvað hún framburð sinn hjá lögreglu hafa verið fenginn með þvingunum, sem hefðu verið í því fólgnar, að henni var sagt, að búið væri að úrskurða hana í 10 daga gæsluvarðhald, og jafnframt var henni tjáð, að hún ætti á hættu, að rúmlega ársgamall sonur hennar yrði settur á vistunarheimilið að Dalbraut. Kvað ákærða Jóhannes Viggósson lögreglumann hafa tjáð sér þetta, og hefði hann sagt ákærðu, að henni væri best að segja það, sem þeir vildu heyra. Kvað ákærða, að það, sem eftir henni var haft í lögregluskýrslum, væri ekki frá henni komið

að öðru leyti en því, að Guðrún Helga Svansdóttir hefði þrívægis hringt og beðið ákærðu fyrir skilaboð til meðákærða, en ákærða tengdi skilaboðin ekki við fíkniefnaviðskipti. Kvaðst ákærða hafa við yfirheyrslu hjá lögreglunni óskað eftir aðstoð réttargæslumanns, en henni hefði verið tjáð, að ekki næðist í neinn lögmann, og kvaðst ákærða þá hafa látið það gott heita og gefið skýrslu í samræmi við það, sem lögreglan vildi heyra. Kvað ákærða skýrsluna byggða á ágiskunum lögreglumannsins, sem ákærða kvaðst síðan hafa jánkað. Ákærða kvaðst ekki hafa vitað, að meðákærði keypti gjaldseyri, en ákærða kvað meðákærða hafa tekið peningana úr sameiginlegum sjóði þeirra, sem átti að renna til greiðslu á íbúð.

Vitnið Sigurður Albertsson tollfulltrúi, kt. 301134-2319, kom fyrir dóm þann 8. júní sl. Vitnið mundi ekki sérstaklega eftir málinu, en staðfesti undirskrift sína undir skýrslu tollgæslunnar á Keflavíkurflugvelli. Vitnið kvað fíkniefnalögregluna taka fíkniefni með sér til Reykjavíkur, þegar lagt er hald á þau.

Vitnið Eiríkur Beck lögreglumaður, kt. 111151-3429, kom fyrir dóm sama dag. Vitnið kvaðst hafa verið á Keflavíkurflugvelli, þegar Alberti var handtekinn þar með hass. Kvað vitnið, að eftir handtöku hans hefði verið ákveðið, að Alberti héldi málinu áfram eins og hann hafði ákveðið. Vitnið kvaðst ekki hafa verið viðstatt í leitarklefanum. Kvaðst vitnið hafa fengið fyrirskipun um að fylgja Alberti eftir, og hefði hann bókað sig inn að Hótel Loftleiðum. Hefði Alberti hringt í ákærða og sagt honum á ensku, að hann væri kominn til landsins, og talaði eitthvað um bækur. Vitnið kvaðst hafa hlustað á símtalið, og hefði ákærði sagst koma strax. Stuttu síðar hefðu þeir fylgt Alberti niður, þar sem þeir ákærði mættust. Vitnið kvaðst ekki hafa heyrt, hvað þeim fór á milli, en vitnið kvað Alberti hafa rétt ákærða töskuna. Hefði ákærði tekið hiklaust við henni. Að sögn vitnisins sneri Alberti frá ákærða, og var hann handjárnaður, svo og var ákærði handtekinn, er hann var á leiðinni út. Vitnið kvað Alberti hafa látið eins og verið væri að handtaka hann í fyrsta sinn þarna, og hefði hann veitt málamyndamótspyrnu. Vitnið kvað efnið hafa verið í brúnni tösku, sem í var falskur botn. Vitnið kvað ótrúlegt, að tekin hefði verið skýrsla af Alberti, áður en hann var handtekinn á Hótel Loftleiðum. Vitnið kvað Alberti hafa haft í fórum sínum miða, sem á stóð símanúmer og nafnið Sverrir. Vitnið gat ekki svarað því, hvort gerður var samningur við Alberti um, að hann slyppi betur gegn samstarfi. Vitnið gat ekki svarað því, hvort svo hefði virst sem Alberti og ákærði þekktust, er þeir mættust á Hótel Loftleiðum, en vitnið taldi, að ákærði hefði átt að þekkja Alberti á töskunni. Vitnið taldi ótrúlegt, að það hefði einhvern tíma á gæsluvarðhaldstímanum sagt ákærða, hve mikið efni var í töskunni. Vitnið vissi ekki, hvers vegna ákærða var ekki sagt frá handtöku Albertis á Keflavíkurflugvelli, en vitnið vissi, að

ákærði var leyndur þessu. Kvað vitnið skýringuna vera þá, að þetta hefði verið gert vegna ótta Albertis um hefndaraðgerðir.

Vitnið Ólafur Guðmundsson rannsóknarlögreglumaður, kt. 050747-4339, kom fyrir dóm sama dag. Vitnið mundi ekki eftir málinu í smáatriðum.

Vitnið Benedikt Lund lögregluvarðstjóri, kt. 040352-2959, kom fyrir dóm sama dag. Vitnið kvaðst hafa verið fyrir utan Hótel Loftleiðir og jafnframt unnið að skyggingum fyrir handtökuna. Þá kvaðst vitnið hafa framkvæmt húsleit á heimili ákærða, þar sem meðal annars hefði fundist gjaldeyrir í tösku undir rúmi. Vitnið kvaðst hafa flutt Alberti inn í Síðumúlafangelsi morguninn eftir, en engin afskipti haft af yfirheyrslum.

Vitnið Einar Þorsteinn Einarsson nemi, kt. 311257-6929, kom fyrir dóm sama dag. Vitnið er bróðir ákærða, Sverris, en skoraðist ekki undan vitnisburði. Vitnið tók fram, að í fyrri framburði þess hefði það verið að vernda bróður sinn. Kvaðst vitnið undanfarið hafa fengið hótanir frá bróður sínum um, að sendir yrðu menn til höfuðs vitninu, og myndu þeir beita það líkamsmeiðingum. Vitnið kvað Guðrúnu Helgu Svansdóttur hafa snúið sér til vitnisins og viljað ræða innflutning á fíkniefnum. Vitnið kvaðst hafa tjáð henni, að hún ætti að vita, hvert hún ætti að leita, og kvað vitnið hana hafa leitað til Sverris. Kvaðst vitnið hafa farið til Amsterdam ásamt bróður sínum, og hefði tilgangurinn verið sá, að ákærði ætlaði að ræða við Guðrúnu Helgu um fíkniefnainnflutning, en vitnið kvaðst ekki hafa verið viðstatt þær viðræður. Vitnið varð ekki vart við, að ákærði ræddi við útlendinga um innflutninginn. Vitnið vissi ekki, hvað stóð til að flytja mikið hass inn. Þá vissi vitnið ekki, hvenær sendingin átti að koma né hver kæmi með hana. Vitnið var ekki heima, þegar ákærði fór að ná í sendinguna. Aðspurt, hvort vitnið hefði kafið ákærða um peningagreiðslu fyrir vitnisburðinn, sagði vitnið, að það hefði spurt ákærða, hvort hann vildi rétta hlut vitnisins vegna skemmda á bifreið þess af hálfu ákærða, en vitnið taldi ákærða skulda sér 100.000 kr. vegna þessa. Kvað vitnið, að hefði ákærði samþykkt þetta, hefði vitnið íhugað að halda við fyrri framburð hjá lögreglu. Vitnið kvað ákærða hafa svarað því þannig, að þetta væri tilraun til fjárkúgunar, og kvað vitnið ákærða hafa hótad að koma vitninu í fangelsi. Ákærði kvað vitnið hafa komið með Guðrúnu Helgu og kynnt hana fyrir sér. Vitnið kvað þetta ekki rétt. Í þinghaldinu kom fram, að gífurleg óvild er milli þeirra bræðra.

Sama dag kom fyrir dóminn Guðrún Helga Svansdóttir, 300862-5869. Gætt var ákvæða 2. mgr. 77. gr. laga nr. 74/1974, en mætta er ákærð með sérstakri ákæru í tengslum við þetta mál. Mætta neitaði allri vitneskju um mál þetta. Borin var undir mættu skýrsla, er hún gaf hjá lögreglu þann 28.7. 1987, svo og sampröfun, sem fram fór daginn eftir. Var henni bent á misræmi í framburði fyrir dómi og í lögregluskýrslu. Tók mætta fram,

að hún minntist ekki þeirra atriða, er um gat í lögregluskýrslunni um tengsl hennar við ákærða og það, að Alberti hafi beðið sig að hringja til ákærða.

Vitnið Arnar Jensson lögreglufulltrúi, kt. 041255-3749, kom fyrir dóm þann 13. júní sl. Vitnið kvaðst hafa verið í frii, er umrætt mál kom upp, en Reynir Kjartansson hefði verið staðgengill vitnisins. Kvað vitnið, að ákveðið hefði verið, eftir að Alberti hafði verið handtekinn á Keflavíkurflugvelli, að láta málið fara í þann farveg, sem það ella hefði farið í, og þannig láta efnið komast í hendur endanlegs viðtakanda. Kvaðst vitnið hafa frétt af því, að þetta hefði verið ákveðið af þeim Reyni og Arngrími Ísberg, þáverandi deildarstjóra hjá lögreglustjóraembættinu í Reykjavík. Vitnið kvað engar vinnureglur til hér á landi um slíka aðferð, en tók fram, að þeir hefðu kynnt sér reglur frá Noregi og Danmörku, og hefðu vinnu-aðferðir lögreglumanna þar verið hafðar til hliðsjónar. Vitnið tók fram, að vinnureglur þessar eiga við um leið efnisins til viðtakanda, en ekki það atriði að leyna ákærða upplýsingum um upphaflega handtöku sendimanns-ins. Vitnið mundi eftir því, að ákærði, Sverrir, kom til vitnisins, eftir að hann losnaði úr gæsluvarðhaldi, og skýrði frá því, að hann hefði komist að handtöku Albertis á Keflavíkurflugvelli.

Sama dag kom fyrir dóminn sem vitni Jóhannes Viggósson rannsóknar-lögreglumaður, kt. 290654-3279. Vitnið kvaðst hafa handtekið ákærða, Sverri, á Hótel Loftleiðum. Vitnið kvaðst hafa elt ákærða á bifreið frá heimili hans að Hótel Loftleiðum. Vitnið kvað ákærða hafa tekið við tösku af Þjóðverjanum, en ekki mundi vitnið, hvort verið gæti, að töskunni hefði verið hent í ákærða. Vitnið fylgdist ekki með handtöku Þjóðverjans. Vitnið kvað ákærða hafa gengið á milli manna í anddyrinu, og virtist hann leita að manni. Vitnið mundi ekki, hvort það vissi þá um handtöku Albertis á Keflavíkurflugvelli. Vitnið kannaðist ekki við að hafa við yfirheyrslur yfir ákærðu, Þuríði, hótad henni gæsluvarðhaldi. Þá kannaðist vitnið ekki við að hafa hótad henni, að barn hennar yrði tekið af henni. Vitnið mundi ekki nánar um framburð ákærðu að öðru leyti en því, að það tók orðréttu skýrslu af henni, og kvað vitnið þar vera um sjálfstæðan framburð hennar að ræða. Vitnið mundi ekki, hvort það reyndi að ná í réttargæslumann fyrir ákærðu, en tók fram, að hefði svo verið, hefði það verið bókað.

Vitnið Reynir Kjartansson rannsóknarlögreglumaður, kt. 230438-2189, kom fyrir dóm sama dag. Vitnið kvaðst hafa verið staðgengill Arnars Jenssonar og kvaðst hafa stjórnað rannsókn málsins frá lögreglustöðinni. Vitnið kvað lögreglumenn hafa haft samband við sig frá Keflavíkurflugvelli, þar sem þeir höfðu handtekið Þjóðverja með fíkniefni. Kvað vitnið, að sér hefði verið tjáð, að maðurinn væri tilbúinn að halda málinu áfram og afhenda efnið, eins og upphaflega hafði verið ákveðið. Vitnið minnti, að það hefði haft samband við Arngrím Ísberg, og hefði þá verið ákveðið

að láta manninn fara í bæinn og fylgja honum eftir. Vitnið kvaðst eftir þetta lítil afskipti hafa haft af rannsókn málsins, enda kvaðst það hafa farið til útlanda morguninn eftir. Vitnið mundi ekki, hver tók við stjórn rannsóknarinnar. Vitnið kvað öruggt, að ekki hefði verið tekin skýrsla af Þjóðverjanum fram að handtöku á Hótel Loftleiðum. Vitnið kvað ekkert samkomulag hafa verið gert við Þjóðverjann. Vitnið vissi ekki skýringu þess, að ákærði var leyndur handtöku Þjóðverjans á Keflavíkurflugvelli. Vitnið kvaðst ekki hafa verið viðstatt, þegar mennirnir komu fyrir dóm. Ekki mundi vitnið, hvort það fór fram á húsleitarúrskurð. Vitninu var bent á, að það vottaði skýrslu, sem tekin var af ákærða, Sverri, þann 24. júní 1986. Vitnið kvað sig misminna eitthvað um brottför sína til útlanda. Þá var vitninu bent á, að það gerði kröfu fyrir dómi um húsleitir og gæsluvarðhald á hendur ákærða, Sverri, og Þjóðverjanum. Vitnið kvað ekkert frekar rifjast upp fyrir sér í þessu sambandi.

Sama dag kom fyrir dóm sem vitni Jón Friðrik Bjartmarz aðalvarðstjóri, kt. 270857-3259. Vitnið kvaðst hafa verið viðstatt leit á útlendingi á Keflavíkurflugvelli, og hefði hann verið með hass í förum sínum, annars vegar límt innan á sig og hins vegar í tösku. Minnti vitnið, að áður hefði verið ákveðið að láta manninn halda áfram og afhenda efnið, en vitnið kvaðst hafa haft símasamband við Reyni Kjartansson og fengið fyrirmæli frá honum um að fylgja manninum í bæinn og missa ekki sjónar af honum. Vitnið kvað manninn hafa farið á Hótel Loftleiðir, og hefði hann verið með miða í förum sínum, sem á stóð nafnið Sverrir og símanúmer. Vitnið kvaðst hafa verið viðstatt, þegar útlendingurinn hringdi í ákærða, og mæltu þeir sér mót. Kvað vitnið þá hafa hist í anddyrinu. Hefðu þeir ræðst þar við og maðurinn rétt ákærða töskuna, en hann hefði ekki hent töskunni í ákærða. Kvaðst vitnið hafa handtekið útlendinginn, og var látið líta svo út sem verið væri að handtaka hann þarna í fyrsta skipti. Kvað vitnið manninn hafa lýst yfir ótta sínum við hefndaraðgerðir. Vitnið kannaðist ekki við, að gerður hefði verið samningur við manninn um, að hann slyppi betur gegn samstarfi. Vitnið kvað manninn aldrei hafa nafngreint sendanda efnisins né við hverja hann væri hræddur. Vitnið kvað ljóst, að maðurinn hefði aldrei hitt ákærða, Sverri, áður. Kvað vitnið ástæðu þess, að ákærði var leyndur upphaflegu handtökunni, hafa verið þá, að reynt var að koma til móts við ósk útlendingins um leynd. Kvaðst vitnið ekki geta sagt um það, hversu lengi átti að leyna ákærða þessu, en það hefði ekki átt að vera til eilíðar.

Sama dag kom fyrir dóminn sem vitni Óskar Kristjánsson rannsóknar-lögreglumaður, kt. 180348-4099. Vitnið kvaðst hafa verið fyrir utan Hótel Loftleiðir og handtekið ákærða, þegar hann kom út. Vitnið sá ekki, þegar ákærða var afhent taskan, en ákærði slepti töskunni, þegar hann kom

út, og spurði, hvað væri að. Vitnið vissi ekki til þess, að ákærði var leyndur upphaflegu handtöku Þjóðverjans. Aðspurt neitaði vitnið því að hafa skrifað orðið „dóp“ á vegg fangelsisklefa ákærða. Vitnið kvað, að verið gæti, að það hefði vottað einhverjar skýrslur, sem teknar voru í málinu.

Þann 29. júní sl. kom fyrir dóm sem vitni Hákon Birgir Sigurjónsson rannsóknarlögreglumaður, kt. 110251-4599. Vitnið kvaðst hafa fylgst með ákærða á heimili hans á Hjarðarhaganum. Þá kvaðst vitnið hafa beðið fyrir utan Hótel Loftleiðir og handtekið ákærða, er hann kom út. Vitnið sá ekki, hvað fram fór innan dyra. Vitnið kvað ákærða hafa haft tösku meðferðis, og var hass í henni. Vitnið kvaðst hafa annast innfærslu á munaskrá og efnisskrá, húsleit á Hjarðarhaganum og ljósmyndun sakargagna. Kvað vitnið ljósmyndir af tösku og innihaldi hennar teknar, eftir að taskan var tekin úr fórum ákærða. Vitnið vissi ekki til þess, að taskan hefði verið skoðuð áður eða myndir teknar af henni.

Þann 6. júlí sl. kom fyrir dóminn sem vitni Bjarni Guðmundsson lögreglumaður, kt. 150555-4509. Vitnið kvaðst hafa tekið þátt í skyggingum í máli þessu, m.a. að Hjarðarhaga. Kvaðst vitnið hafa farið að Hótel Loftleiðum og kvaðst þar hafa séð mann afhenda ákærða tösku. Vitnið mundi ekki, hvort töskunni var hent í ákærða. Vitnið kvað, að ákærði og maðurinn hefðu verið handteknir, en vitnið tók ekki þátt í þeirri handtöku. Vitnið kvaðst ekki hafa haft önnur afskipti af máli þessu eftir þetta en þau, að það var viðstatt dómsyfirheyrslu yfir Þjóðverjanum, en vitnið mundi ekki nánar eftir þessari yfirheyrslu. Vitnið vissi ekki, að Þjóðverjinn hafði verið handtekinn áður.

Niðurstöður.

Í máli þessu er upplýst, að ákærði, Sverrir, átti von á manni frá útlöndum með fikniefni, og átti ákærði að koma honum í samband við fikniefnasala. Rannsókn lögreglu leiðir síðan til þess, að útlendingurinn er handtekinn á Keflavíkurflugvelli með tæp 3 kg af hassi í fórum sínum. Virðist útlendingurinn gangast inn á það að vera tálbeita fyrir lögregluna, og leiðir það til handtöku ákærða, Sverris, er hann tekur við tösku af útlendingnum, sem umrætt hass var í. Ákærði er síðan leyndur upphaflegri handtöku útlendingins á Keflavíkurflugvelli, og kemst hann að því síðar fyrir tilviljun, að því er virðist. Þar sem hér var um verulegt magn fikniefna að ræða, verður að telja, að lögreglunni hafi verið heimilt að nota tálbeitu í þessu tilviki, en hins vegar verður að telja, að gera hefði átt ákærða ljóst eftir handtöku hans, hvernig í pottinn var búið. Það er hins vegar ekki gert, og bera rannsóknargögn með sér, að þessu atriði hafi átt að halda leyndu til frambúðar.

Þegar lítið er til þess, hvernig að rannsókn máls þessa var staðið og

ákærðu leynd því, að tálbeita hafði verið notuð, verður ekki talið fært að byggja á framburði ákærðu fyrir lögreglu. Verður því, eins og hér stendur á, að byggja á framburði ákærðu hér fyrir dómi.

Ákærði, Sverrir, hefur viðurkennt að hafa ætlað að eiga milligöngu um fíkniefnaviðskipti hér á landi í ágóðaskyni, en ekki verður talið sannað, að ákærði hafi átt von á meira en 700 gr. af hassi. Er framangreint brot ákærða rétt fært til refsíákvæða í ákæruskjali.

Hins vegar verður ekki talið sannað, að meðákærðu, Þuríði, hafi verið kunnugt um áform ákærða, og verður hún því sýknuð af refsikröfu ákæruvaldsins í máli þessu.

Samkvæmt sakavottorði ákærða, Sverris, hefur hann sætt refsingum sem hér segir:

- 1981 26/3 Fíkniefnadómur. Nr. 1410. Sátt: 1.400 kr. sekt f. brot g. 1. nr. 65, 1974, um áv. og fíkn. og rg. nr. 390, 1974.
- 1982 28/7 Sakadómur Rvík. Nr. 2080. Sátt: 3.000 kr. sekt f. brot g. 50. gr. umfl. Svíptur ökul. 1 mán. frá 14/7 '82.
- 1984 16/4 Sakadómur Rvík. Nr. 1609. Sátt: 10.000 kr. sekt f. brot g. 1. og 7. gr., 3. mgr. 16. gr. og 18. gr. áfl., 2., sbr. 4. gr. og 5. gr. og 1. nr. 65, 1974, um áv. og fíkn., rg. nr. 16, 1978, og 1. um skotv. og sprengiefni nr. 46, 1977.
- 1984 12/12 Sakadómur Rvík. Nr. 612. Dómur: Ákvörðun refsingar frestað, skb. 2 ár, f. brot g. 244. gr. alm. hgl.
- 1989 3/3 Sakadómur Rvík. Nr. 86. Dómur: Fangelsi 2 mán., skb. 2 ár, f. brot g. 254. gr. alm. hgl.

Brot ákærða, sem hér er fjallað um, er framið, áður en síðastgreindur dómur gekk. Ber því samkvæmt 60. gr. almennra hegningarlaga að taka þann dóm upp og ákveða refsingu eftir reglum 77. gr. og 78. gr. almennra hegningarlaga.

Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 3 mánuði, en fresta þykir mega fullnustu 2 mánaða af refsivistinni, haldi ákærði almennt skil-orð 57. gr. almennra hegningarlaga. Þá ber að draga frá refsivistinni með fullri dagatölu 10 daga gæsluvarðhald, er ákærði sætti í þágu rannsóknar málsins.

Í ákæruskjali er gerð krafa um upptöku á gjaldeyri, sem lagt var hald á við rannsókn málsins. Ákærði hefur gefið þá skýringu á gjaldeyri þessum, að hann hafi ætlað að aðstoða væntanlega fíkniefnasala við að greiða manninum í gjaldeyri, ef þeir þyrftu á því að halda. Hefur ákærði þannig lýst yfir þeirri fyrirætlan sinni, að gjaldeyririnn yrði notaður sem greiðsla fyrir fíkniefni. Ber því með vísan til 2. tl. 1. mgr. 69. gr. almennra hegningarlaga að fallast á kröfu ákæruvaldsins um upptöku á framangreindum

gjaldeyri, og þykir í því sambandi ekki skipta máli, að féð til gjaldeyris-kaupanna rann úr sameiginlegum sjóði ákærðu.

Dæma ber ákærða, Sverri, til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun Páls Arnórs Pálssonar hrl., skipaðs verjanda síns, kr. 150.000, að 4/5 hlutum, en 1/5 hluti málsvarnarlaunanna greiðist úr ríkissjóði.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Sverrir Þór Einarsson, sæti fangelsi í 3 mánuði, en fresta skal fullnustu 2 mánaða af refsivistinni, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Frá refsingunni skal draga 10 daga gæsluvarðhald, er ákærði sætti í þágu rannsóknar málsins.

Ákærða, Þuríður Björg Birgisdóttir, skal vera sýkn af refsikröfu ákæruvaldsins í máli þessu.

Upptækur er gerður til ríkissjóðs erlendur gjaldeyrir, sem lagt var hald á, svo sem hér segir:

5.061 bandarískur dalur, 7.850 danskar krónur, 250 sænskar krónur og 60 ensk pund.

Ákærði, Sverrir, greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun Páls Arnórs Pálssonar hrl., skipaðs verjanda síns, kr. 150.000, að 4/5 hlutum, en 1/5 hluti málsvarnarlauna vegna ákærðu, Þuríðar, greiðist úr ríkissjóði.